

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Vigdísi Hauksdóttur um skattsvik.

- Hve margir unnu árlega hjá skattrannsóknarstjóra við að upplýsa skattsvik árin 2007–2013?*

Eftirfarandi tafla sýnir heildarstarfsmannafjölda embættisins. Allir starfsmenn embættisins, að undanskildum rekstrarstjóra, starfa með einum eða öðrum hætti að skattrannsóknum og/eða refsimeðferð vegna ætlaðra skattalagabrota.

Ár	Starfsmannafjöldi	Stöðugildi alls
2013	29	28,2
2012	30	29,2
2011	31	30,4
2010	31	30,1
2009	22	22
2008	22	22
2007	21	21

Þessar upplýsingar og þau svör sem á eftir koma er nauðsynlegt að skoða í heildarsamhengi við aðrar stofnanir skattkerfisins og hlutverk þeirra. Í XI. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er að finna ýmis ákvæði um skattyfirvöld. Í 103. gr. laganna segir að skattrannsóknarstjóri ríkisins skuli hafa með höndum rannsóknir samkvæmt þeim lögum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af ríkisskattstjóra eða honum falin framkvæmd á. Í sömu grein segir einnig að skattrannsóknarstjóri ríkisins geti að eigin frumkvæði eða eftir kæru hafið rannsókn. Þá skal hann annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 6. mgr. 96. gr. laganna. Í 102. gr. tekjuskattslaga er fjallað um skatteftirlit. Þar segir að ríkisskattstjóri annist skatteftirlit samkvæmt þeim lögum og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum er falin framkvæmd á. Jafnframt segir að skatteftirlitið taki til hvers konar könnunar á réttmæti skattskila fyrir og eftir álagningu opinberra gjalda og samtímaeftirlits með rekstraraðilum. Í fyrrnefndri 6. mgr. 96. gr. segir að hafi ríkisskattstjóri grun um að skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga hafi verið framin skuli hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins. Þá er einnig vert að nefna að þegar endurálagning hefur farið fram í framhaldi af skatteftirliti eða skattrannsókn taka tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs (sýslumaður) við málinu og annast innheimtu þeirra skatta sem af skatteftirliti eða skattrannsóknum leiðir.

- Hvað nema upplýst skattsvik háum fjárhæðum eftir tegundum skatta og árum?*

Í töflunni hér að aftan eru niðurstöður rannsókna skattrannsóknarstjóra á meintum undan-dregnum skattstofnum í þúsundum króna talið, án álags, sem lokið var við á árunum 2007–2013.

Í skjalinu er einnig gerð grein fyrir mögulegum rekstrargjöldum og innskatti sem kunna að koma til lækkunar á vanframtoldum skattstofnum, sem og fjármagnstekjum sem ranglega eru taldar fram sem slíkar. Vakin er athygli á því að fjárhæðir í einstökum málum geta tekið breytingum í ferli endurákvörðunar, sem fram fer í kjölfar rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra, sem eftir atvikum getur verið hjá ríkisskattstjóra, yfirskattanefnd eða dómstólum.

Þá er ástæða til að vekja athygli á því að mál er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra sæta ekki öll endurákvörðun skattstofna í kjölfar rannsóknar. Á það einkum við um þann málaflokk sem varðar vanhöld á greiðslu virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda, svonefnt vörslufé. Hið sama á við um brot eins og t.d. vanhöld á skilum ársreikninga til opinberrar birtingar hjá ársreikningaskrá. Hafi skattstofnar áður verið áætlaðir, til að mynda sökum þess að ekki hafi verið staðin skil á lögbundnum skattskilagögnum, er tekið tillit til þeirrar áætlunar við endurákvörðun skattstofna.

Ár	Vanframt. rekstrar- tekjur	Möguleg rekstrargjöld	Offramtalin rekstrargjöld	Vanframt. skattsk. velta	Vanframt. útskattur	Mögulegur innskattur	Offramt. innskattur
2013	185.131	94.043	193.605	788.012	171.930	60.035	14.874
2012	423.825	46.501	24.581	1.455.662	364.420	131.593	33.282
2011	254.820	11.141	0	1.542.039	379.658	48.458	16.905
2010	271.404	13.398	547.156	337.438	82.672	1.234	12.759
2009	627.543	262.658	2.487	919.529	226.199	54.576	8.857
2008	1.270.734	799.517	11.400	2.638.500	646.310	226.956	5.057
2007	855.091	397.675	91.944	1.148.938	280.956	72.107	10.776
<b>Samtals</b>	<b>3.888.548</b>	<b>1.624.932</b>	<b>871.173</b>	<b>8.830.118</b>	<b>2.152.146</b>	<b>594.959</b>	<b>102.510</b>
Ár	Vanframtalið reiknað endurgjald	Vanframt. launagr. til starfsm.	Vanframt. tekjur	Offramt. fjárm.tekjur	Vanframt. fjárm.tekjur	Vangr. vsk/ stgr.	Annað
2013	0	146.837	2.957.682	155.900	734.182	662.270	10.713
2012	9.996	0	1.512.766	847.753	1.340.717	621.930	3.565.064
2011	2.592	0	1.940.766	1.875.324	4.315.044	824.536	0
2010	0	5.241	1.179.007	33.664	1.087.102	658.857	533.502
2009	61.819	0	125.768	94.629	80.349	721.882	0
2008	128.775	437.310	24.299	0	138.131	1.187.470	150.575
2007	109.261	262.072	0	40.000	2.750	685.283	190.746
<b>Samtals</b>	<b>312.442</b>	<b>851.459</b>	<b>7.740.289</b>	<b>3.047.270</b>	<b>7.698.275</b>	<b>5.362.228</b>	<b>4.450.599</b>

### 3. Hverjar eru refsingarnar verði fólk eða fyrirtæki uppvist að skattsvikum?

Refsingar vegna skattalagabrota eru ávallt fésektir en jafnframt fangelsisrefsing sé um alvarleg brot að ræða.

Ár	SRS (þús. kr.)	YSKN (þús.kr.)	Dómstólar (þús.kr.)	Samtals (þús.kr.)
2013	33.460	298.630	1.416.620	1.748.710
2012	58.440	264.800	856.391	1.179.631
2011	34.210	239.055	718.395	991.660

Ár	SRS (þús. kr.)	YSKN (þús.kr.)	Dómstólar (þús.kr.)	Samtals (þús.kr.)
2010	45.600	548.840	1.386.544	1.980.984
2009	52.830	319.910	794.673	1.167.413
2008	82.620	126.560	851.811	1.060.991
2007	93.370	193.830	315.601	602.801
<b>Samtals</b>	<b>400.530</b>	<b>1.991.625</b>	<b>6.340.035</b>	<b>8.732.190</b>

Taflan sýnir fésektir vegna skattalagabrota ákvarðaðar á árunum 2007–2013 af hálfu skatt-rannsóknarstjóra, yfirskattanefndar og dómstóla.

Fésektir héraðsdómstóla vegna skattalagabrota námu alls 6.527.647.123 kr. og fésektir dæmdar af Hæstarétti alls 960.127.774 kr. vegna umræddra ára. Í framangreindri töflu hefur verið tekið tillit til breytinga Hæstaréttar frá dæmdri fésekt í héraði, eftir því sem við á.

Fangelsisrefsing var yfirleitt ákvörðuð samhliða fésekt í þeim málum sem sættu ákæru-meðferð fyrir dómi. Í langflestum tilvikum var um skilorðsbundna refsingu að ræða.